

Meðal
efnis í
blaðinu:

Myndir
og fréttir
úr
skólalífinu

Félagslífið

Viðtal
við
Botnleðju


Spaug

Viðtal
við
Tvíhöfða

Bubbi
Morthens

Föndurhorn

PÚLSINN



Bókasafn
Grundaskóla

16758192

372.05 Púl 1998;4

Púlsinn :

Grundaskóli

SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA

372.05
Púl
1998;4


MAÍ 1998 - 1. TÖLUBLAÐ - 4. ÁRGANGUR

Púlsinn þakkar eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn

Bíla- og vélþjónusta
Hjalta Njálssonar
Íslandsbanki
Hf. Skallagrímur
Myndsmiðjan
Fasteignasalan Hákot
Fasteignamiðlun Vesturlands
Skútan

Bifreiðaverkstæði
Halldórs Á Guðmundssonar
Axel Sveinbjörnsson
Sjóngerið
Efnalaugin Lísá
Blikksmiðja
Guðmundar Hallgrímssonar
Skipasmíðastöð
Þorgeirs og Ellerts HF

Lága verðið



VERSLUNIN
EINAR ÓLAFSSON
SKAGABRAUT 9-11
SÍMI: 431-2015

lættir lífið

**ÖLL nýjasta og
besta tónlistin frá
JAPIS, SKÍFUNNI,
SPOR, ÞRUMUNNI
og HLJÓMALIND**



- Þjónusta í fyrirrámi!

Almenni Ökuskólinn ehf.

Kennslubílfreið 8981208 - Vilhjálmur 431 2737 - Sigurður Arnar 431 1230.

ÖKUKENNSLA ÖKUSKÓLI

Ert þú að hefja ökunám?

- ⊕ Allar upplýsingar um ökunámið.
- ⊕ Bílatímar. (Subaru Legacy árg. 1997)
- ⊕ Bóklegt nám í Ökuskóla.
- ⊕ Fjöldi prófa og æfingaverkefna.
- ⊕ Vönduð kennsla.

Allar nánari upplýsingar
og tímapantanir í símar


Kennslubílfreið: 898 1208
Vilhjálmur Gíslason: 431 2737
Sigurður A. Sigurðsson: 431 1230



Laufey Jose Ding Dong: „Það eru svo tælandi gæjar í Thailandi“




Guðlaugur Hendrix Kristinsson: Hvenær kemur þetta helv... andsk. hommalega blað út.



Bjarki Ringo Adalsteinsson: Alltaf jafn brosmildur



Sigurður Clapton Þorvaldsson: Ég vil hlaðborð á diskinn minn



Sveinbjörn Hafsteinsson: Há-tónsbarki og ljósagæi með öllu.



Ester: „Get ég fengið frí, ég er að fara í klippingu, til tannlæknis eða bara eitthvað...“



Mírus Badin Powell: Ávallt viðbúinn.



Hjalli: Rómeó.



Maron: „Það eru góð fermingatil-boðin í ár.“



Guðrún: „Ég brjálást ef ég fæ þetta ekki.“



Óli Dóri: Óli bitill.

Ritstýrurabb!

Þá er loksins komið að því sem allir hafa beðið eftir með mikilli eftirvæntingu, útgáfu skólabladsins.

Skólabladið hefur verið gefið út árlega og venjulega verið nemendum, kennurum og öðrum til mikillar skemmtunar. Eins og flestir vita er blaðið unnið af nemendum í 10. bekk og er jafnframt einn af stærstu þáttunum í fjáröflun fyrir lokaferðalag árgangsins. Ritstjórn sem skipuð var gáfudustu nemendunum í 10. bekk vann efni bladsins að mestu leyti á miðönn og var reynt að hafa efni bladsins fjölbreytt, skemmtilegt og við sem flestra hæfi. Vonandi eruð þið ánægð með árangurinn en ef ekki, hafið þið alla vega styrkt gott málefni.

Við viljum koma sérstökum þökkum til Flosa Einarssonar (Posa) sem á stóran þátt í að gera útgáfu bladsins að veruleika.

Kærar kveðjur, ritnefnd



Siggí og Maggi: Beavis og Butthead, öðrum orðum



Heiður: Á ég að berjja ykkur?*

Félagslífið í Grundaskóla

Í má síðast liðnum fóru fram árlegar kosningar til nemendaráðs Grundaskóla. Nokkrir frambærilegir fulltrúar verðandi 10. bekinga öttu kappi um stöðu formanns og gjaldkera.

Þegar talið var upp úr kjörkössunum kom í ljós að Ársæll Þór Jóhannsson varð hlutskarpastur í baráttunni



um formannssætið og Hrefna Daníelsdóttir sigraði gjaldkeraslaginn. Aðrir nemendur voru valdir hver í sínum bekk þannig að nemendaráð þetta skólaárið er skipað eftirfarandi fulltrúum auk Ársæls og Hrefnu:

Laufey Jóhannsdóttir var kosin varaformaður á fyrsta fundi ráðsins og Ólöf Inga Guðbrandsdóttir hlaut sæti ritara. Aðrir meðstjórnendur eru Harpa Jónsdóttir, Thelma Guðmundsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Sara Karlsdóttir. Umsjónarmaður félagsmála er Sigurður Arnar Sigurðsson.

Félagslífið í vetur hefur að mörgu leyti verið með hefðbundnu sniði þ.e. diskótek eru haldin í samvinnu við Brekkubæjarskóla og Arnardal og einnig er samstarf hvað varðar opin hús í báðum grunnskólunum. Fyrir jólin var haldið kaffihúsa-



kvöld á vegum nemendaráðs þar sem boðið var upp á kakó og piparkökur auk þess sem spilað var bingó.

Einnig hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum í vetur. Þannig var t.d. gerð tilraun með að leyfa pílukast og borðtennis í frímínútum og hefur það tekist nokkuð vel og var mikið stundað lengi vetrar. Hins vegar verða nemendur að umgangast tæki og tól með meiri virðingu ef áframhald á að verða á þessari starfsemi því nemendaráð hefur ekki efni á að kaupa sífellt fleiri borðtennispaða og kúlur í stað þeirra sem eyðilagðir eru.

Þau starfa í unglingadeildinni



Sigurður Arnar Sigurðsson: „Þið eigið að lesa bls. 24-506 og leysa verkefni á bls 35, 37, 40 . . . fyrir morgundaginn. P.s. „Vitið þið hvar skítalyktarsprey fæst?“




Ragnheiður Ásgeirsdóttir: Make-up forever.



Flosi Einarsson: „Hvar eru kökurnar?“



Sigríður Ragnarsdóttir: Tölvunörd. „Give me four and a half.“



Leó Jóhannesson: Hann fæddist á 17. öld, var ber-serkr mikill og gat stökkið hæð sína í öllum herklæðum.



Borghildur Jósúadóttir: Einstein.



Rósa Einarsdóttir: Uno cerveza. Graziaz.



Hafdís Ásgeirsdóttir: Vodalega er eitthvað vont bragð af þessu tyggjóí.



Sigtryggur Karlsson: !"#%&*/(=



Guðbjartur Hannesson: Lax, lax, lax og aftur lax.



Hrafnhildur (Tiger) Sigurðardóttir: Out of bounds.



Guðrjúður Árnadóttir: „Hunskastu úr skónum . . .“

Af hverju var ljóska svo ringluð eftir að hún eignaðist tvíbura? Hún gat ekki fundið út hver hin móðirin var.

Tvær konur voru viðstaddar jarðarför konu nokkrar sem hafði verið gift 8 sinnum.

„Loksins eru þau saman“, sagði önnur þeirra.

„Hvaða eiginmann ertu að tala um?“, spurði hin.

„Engan þeirra. Ég er að tala um lærin á henni.“

Botnleðja

Fimmtudag einn í nóvember lögðu blaðamenn skólablaðsins land undir fót og sigldu á vit ævintýra í Reykjavík.

Meiningin var að taka viðtal við stórhljómsveitina Botnleðju, nánar tiltekið á Svarta kaffi við Laugaveg 54, kl. 20:00. Eftir að hafa hangið í Reykjavík frá klukkan 12:00 og fram til 20:00 og heilsað upp á rónana á Hlemmi, mættum við á slaginu átta á Svarta kaffi tilbúnir í viðtalið. Klukkan 20:15 mættu þeir Heiðar og Halli úr Botnleðju svo ekkert var að vanbúnaði að spyrja þá spjörunum úr. Af óviðráðanlegum orsökum komst þriðji meðlimur hljómsveitarinnar, Raggi, ekki í viðtalið.

Hvað eruð þið að gera þessa dagana?

Við erum bara að taka það rólega, aðeins að hvíla okkur á að spila. Núna erum við að reyna að æfa og semja og vinna aðeins í því.


Hvaða hljómsveitir voru fyrirmyndir ykkar í upphafi?

Það er engin sérstök við erum bara undir áhrifum af öllu sem við hlustum á.

Hvaða erlendu hljómsveitir eru mest í uppáhaldi hjá ykkur?

Beck, Weezer, Payment, Steriolab og Dj Shadow.

Hver er uppáhaldsmaturinn ykkar?



Steikin hennar mömmu bregst aldrei og svo mexikóskur.

Uppáhalds drykkur?

(Heiðar) Rauðvín, vatn og bjór.

(Halli) Bjór og te.

Hvernig semjið þið lögin ykkar?

Við mætum á æfingar með hugmyndir og vinnum svo saman úr þeim.

Hvernig byrjaði Botnleðja?

Við vorum nokkrir strákar sem höfðu gaman af tónlist en enginn kunnir neitt á hljóðfæri. En við áttum vini sem áttu hljóðfæri. Svo fékk Raggi lánaðan bassa, gítar og trommur, og svo vorum við bara að fiflast úti í bílskúr og gerðum þetta að föstum lið 2-3var í viku því þetta var svo skemmtilegt, myndið og gaman.

Hvað voruð þið gamlir þegar þið byrjuðuð?

17 ára, því þá höfðum við ekkert betra að gera.

Hver semur lög ykkar?

Þetta eru hugmyndir sem við vinnum úr allir saman.

Hvað hafið þið gert mörg myndbönd?

2.

Við hvaða lög?

„Þið eruð frábær“ sem var bara tekið upp á svona „VHS home video camera“ á einhverjum leikskóla. Það var fyrsta videoið

okkar og það var bara grín og kostaði ekki neitt. Og síðan gerðum við myndband við Hausverkun sem kostaði mikla peninga en skilaði litlu og var lítið sýnt.

Hvernig skilgreinið þið tónlist ykkar?

(Halli) Mör-gæsapönk.

(Heiðar) Það er mjög erfitt að skilgreina hana.

Hverju stefnið þið að í framtíðinni?

Gefa út nýja plötu, sem er okkar helsta stefna núna og kemur hún út í vor, við nennum ekki þessu helvítis jólarugli. Síðan ætlum við að reyna að fara út líka.

Ætlið þið að starfa aftur með Blur?

(Halli) Eru þeir ekki að hætta.

(Heiðar) Þeir eru að taka sér hlé frá því að spila.

Eigið þið aðdáendur í Englandi?

(Heiðar) Já, já, já við eigum fullt.

(Halli) Við slógum í gegn.

(Heiðar) Já það er eithvað lítið.

(Halli) Nei helling.

Hvernig finnst ykkur erlendar hljómsveitir eins og Oasis og Spice girls?

(Halli) Þetta er snilldarlega góð markaðsetning.

(Heiðar) Sérstaklega hjá Spice Girls, ekki kannski Oasis.

(Halli) Þeir eru töffarar þrátt fyrir að búið sé að gera tónlist þeirra svona 300 milljón sinnum áður, en það sést ekki.

(Heiðar) Þeir eru „cool“ maður.

Hvað finnst ykkur um Björk?

(Heiðar) Hún er flott.

(Halli) Sérstaklega þessi nýja plata hún er að gera mjög góða hluti.

Hefur ykkur verið boðinn plötusamningur á erlendri grundu?

Ekki ennþá það er bara markmiðið, það er verið að vinna í því. Við viljum geta lifað af tónlistinni.

Hvernig fannst ykkur í Englandi?

Það var frábært.



Hvað voruð þið lengi?

Í 10 daga og héldum 7 tónleika.

Eru Blur enn þá vinsælir í Englandi?

Já, það var uppselt á alla tónleikana. En vinsældir þeirra hafa dvínað.

Sum lögin á nýju plötu Blur eru lík lögum ykkar eins og Song 2, hvað segið þið um það?

Já já það getur verið þeir eru bara undir áhrifum, nei ég veit það ekki.

Hafið þið starfað í öðrum hljómsveitum?

Já það var tímabil sem við spiluðum með öðrum, en þá var þessi hljómsveit ekki til.

Hvað eruð þið búnir að vera lengi í Botnleðju?

(Eftir miklar þælingar svöruðu þeir,) 2 og hálf til 3.

Af hverju Botnleðja?

(Halli) Af hverju ekki? Af hverju Oasis? Af hverju Wu-Tang Clan?

Hvaðan kom nafnið?

(Heiðar) Ég var á klósettinu og var að fletta orðabók og fann þetta skemmtilega nafn.

Komið þið til með að starfa aftur með Quarashi?

Það er ekkert ákveðið, þá undir öðrum formerkjum, meira rokk minna rapp.

Með þessum orðum voru þeir roknir út í myrkríð og við blaðamenn Púlsins skelltum okkur í bæinn til að kanna undirheima og næturlíf Reykjavíkurborgar.



Vímuvarnavika í Grunnskólum Akraness

Síðast liðið haust (13.-17. október) fór fram í Grunnskólum Akraness, svokölluð vímuvarnavika. Þessi uppákoma var samvinnuverkefni Akranesbæjar, grunnskólanna og SÁÁ.

Markmiðið var að fá alla þá aðila sem þessum málum tengjast, til að fjalla um þessi málefni, nemendur, foreldra og kennara. Margt var gert þessa viku. Pétur Tyrfingsson, fulltrúi SÁÁ, flutti fyrirlestur þar sem hann lagði áherslu á að áfengi væri vímuefni (bara löglegt) og mesta vandamálið. Hann talaði einnig um að ástandið væri alvarlegra en nokkru sinni fyrr þar sem aðgengi að ólölegum fíkniefnum væri mun auðveldara en áður fyrr.

Einnig komu þeir Óli Örn og Erlingur frá jafn-

ingjafræðslunni og fjölluðu um hassneyslu og þann útbreidda misskilning að hass væri ekki eins hættulegt og önnur vímuefni.

Aðalverkefni nemenda í skólanum var dúkkulísugerð. Allir áttu að búa til unglíng frá grunni, allt frá lýsingu á útliti, skapgerð, áhugamálum, fjölskylduástandum o.s.frv. Síðan var persónan útfærð, teiknuð, klippt út, fót hönnuð og fleira í þeim dúr. Síðan var búin til ævisaga viðkomandi persónu og hún látin lenda í alls konar aðstæðum eins og til dæmis hvernig á að bregðast við hóþrýstingi, áfengisneyslu vinanna o.s.frv.

Það voru svo að sjálf-sögðu hinir filhraustu 10. bekkingar sem einn daginn í þessari viku fóru í fjallgöngu og klifu Háahnúk, sumir á mettíma.

Ha, ha, ha!!!

Kaffeinn nokkur og nokkrir úr áhöfn hans voru að koma aftur til skips eftir að hafa verið að skemmta sér. Þegar þeir voru á leiðinni upp landganginn, ælir kaffeinninn yfir sjálfan sig. Hann bendir á þann sem gengur fyrir framan hann og segir:

„Læsið þennan mann inni í fimm daga fyrir að æla á mig!“

Næsta dag komst kaffeinninn að því að maðurinn hafði fengið 10 daga en ekki 5. Hann spyr hvers vegna það sé.

„Herra það er vegna þess að . . .“ sagði 1. stýrimaður, „þegar við vorum að færa þig úr fótunum sáum við að hann var líka búinn að skíta í buxurnar þínar!“

Selfossheim-sókn

Þann 21. okóber síðast liðinn komu Selfyssingar í heim-sókn hér upp á Skaga og heimsóttu tíundu bekkina í báðum skólum.

Heimsókn þessi er árlegur viðburður þar sem keppt er í hinum ýmsu íþróttagreinum. Það var meðal annars keppt í fótbolta, körfubolta, handbolta, sundi, badmintoni, blaki, borðtennis, hafnarbolta og boðhlaupi.

Að venju var keppt um bikar sem auðvitað endaði í vörslu okkar Skagamanna.

Að lokinni keppninni framreiddu 10. bekkingar yndislega máltíð handa Selfyssingum. Að því loknu söfnuðust allir saman í Grundaskóla og var haldin kvöldvaka. Þar söng Halli Melló trúbador Akurnesinga nr. 1, nokkrar vel valdar vísur. Eftir kvöldvökunna urðu því miður óþarfa deilur milli nokkurra stelpna sem enduðu með smá óeirðum sem reyndar drógu þann dilk á eftir sér að Selfyssingar báðust undan heimsókn okkar Akurnesinga eftir áramót og þykir okkur leitt að svo skyldi fara. Við vonumst hins vegar til að heimsóknir þessar leggist ekki endanlega af í kjölfarið og nemendur muni í framtíðinni eiga góðar stundir í íþróttakeppnum við Selfyssinga.

Húllum Hæ

Hinn árlegi Húllum hæ dagur var haldinn þann 25. október síðast liðinn.



Þar var keppt í mörgum sköndnum íþróttagreinum ef svo mætti kalla. T.d. Blindrabolta, kringlukasti (hveitikringlu), troðslukeppni, skutlukeppni, og bocchia og síðast en ekki síst fór hinn árlegi kennaraleikur



fram. Þar sem nemendur og kennarar öttu kappi í knattspyrnu.

Þótt ótrúlegt sé, báru kennarar sigur úr bítum í þetta skiptið í jöfnum og spennandi leik sem endaði 5-4. Og hinn 37 ára gamli framherji Flosi nokkur Ein-

arsson skoraði sigurmarkið, þar sem hann klippti knöttinn aftur fyrir sig og beina leið upp í samskeytin. Stórglæsilegt mark sem varð til þess að við nemendur sátum eftir með sárt ennið og urðum að lúta í gras eftir tap fyrir þessum „EYMINGJUM“!!!!



Þau voru hlutskörpust

Það er orðin hefð að Púlsinn standi árlega fyrir skoðanakönnun þar sem nemendur og kennarar eru sæmdir ýmsum titlum. Á þessari síðu má sjá hverja nemendur völdu að þessu sinni.




1. Besta sálin var Ársæll Þór Jóhannsson sem vann með miklum yfirburðum.

2. Glæsilegasta stelpa var Hrefna Daniélsdóttir, en einnig fengu Thelma Guðmundsdóttir og Maren Rut Karlsd. mörg atkvæði.



3. Glæsilegasti strákurinn var Marias Hjálmar Guðmundsson.


4. Íþróttagarpur skólans var að sjálfsgöðu Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir.




5. Ofvirkasta týpan var án efa Guðmundur Óttar Sigurjónsson.



6. Krútt skólans var DJ Guðjón Þór Guðmundsson.



7. Bestu vinir voru að þessu sinni Hrefna og Hjalli, einnig fengu Maggi og Siggí mörg atkvæði.



10. Kroppur skólans (strákur) Davíð Anton Björgólfsson var yfirburðarmaður á því sviði. Hann vann enn fremur baráttuna um flottasta kassann og rassinn.



11. Kroppur skólans (stelpa) var Maren Rut Karlsdóttir.




12. Flottasti rassinn (stelpa) var auðvitað Thelma BABE.

Föndur- og baksturshorn Sigríðar Örnú

Þar sem jólin eru að baki fyrir nokkrum mánuðum síðan, fannst okkur alveg tilvalið að birta í blaðinu uppskriftir að ljúffengu jólasælgæti og hentugum skreytingum sem þið lesendur góðir getið dundað ykkur við að föndra þegar líða tekur að næstu jóli.

Við í Grundaskóla búum svo vel að hafa aðgang að snillingi í þessum málefnum. Hér er auðvitað átt við Sigrúð Arnar sem er með BA-próf í föndri frá Háskóla Íslands og auk þess fjölmörg konfekt-námskeið að baki. Einhverra hluta vegna vill hann ekki koma fram undir réttu nafni þannig að við skulum kalla hann Frú Sigríði Örnú.

Frú Sigríður Arna veitti okkur góðfúslega leyfi til að birta hér tvær af vinsælustu uppskriftunum hennar.



Jólagarðskraut Sigríðar Örnú.

Konfekt-böllur

Þessi uppskrift er mjög vinsæl á heimili Frú Sigríðar og einstaklega hentug fyrir fjölskyldur þar sem allir meðlimir geta tekið þátt í sælgætisgerðinni

1. Öll fjölskyldan fer út í búð og kaupir sér einn kassa af konfektum helst frá Nóa


2. Þegar heim er komið er öllu konfektinu hellt í pott og brætt saman

3. Þegar það er búið mót- ar hver fjölskyldumeðlimur sína hentugu konfektmola eftir sínum þörfum og áhugamálum

4. Næst eru molarnir settir í kæli þangað til að þeir verða stífir og stinnir.

Jólagarðskraut

Sigríður Arna hefur verið mjög óheppin með garðinn sinn og satt að segja barist við að halda lifi í plöntunum og margar þeirra eru því miður forljótar. Hún hefur hins vegar fundið upp aðferð til að skreyta garðinn þegar líður að jóli og má hér á blaðsíðunni sjá nokkrar af hugmyndum frú Sigríðar um jólagarðskraut



Hér sjáum við konfektmola af jólaborði Frú Sigríðar Örnú.

Myndir úr skólalífina 1997-98



Ársæll Þór Jóhannsson:

Óvætturinn



Klukkan var nokkrar mínútur í þrjú þegar Jón renndi í hlaðið á gamla Willysjeppanum hans pabba síns. Hann var kominn til að sækja Pál. Jón var 18 ára, þrekinn og mikill vexti. Hann hafði fengið leyfi til að fara með strákana upp í fjall og gista með þeim yfir helgina. Strákarnir hétu Páll, Reynir, Jói, Stefán og Þröstur og voru þeir allir fjórtán ára, skátar og var Jón skátaforingi þeirra.

Þegar dótið hans Páls var komið í bílinn var tími til kominn að leggja strax af stað upp í fjall. Vegurinn að gamla skátaskálanum var hlykkjóttur og erfiður yfirferðar. Þegar þeir komu loks að skálanum, einum og hálfum tíma eftir að þeir lögðu af stað, voru þeir gífurlega fegnir að fá að losna úr gamla Willysnum og geta teygt úr skönkunum enda var Willysinn frekar þröngur og kannski ekki þægilegasti fararskjóti í heimi. Tóku þeir farangurinn úr bílnum og komu honum fyrir inni í skálanum. Skálinn var nú ekki mikið fyrir augað, frek-

ar dapur að utan og þegar inn var komið var pinulítill forstofa og úr henni var gengið inn á klósettið eða inni salinn sem var nokkrir fermetrar að stærð og þar koma þeir sér fyrir, rúlla út svefnpokanum og fá þeir sér aðeins að snæða. Á meðan strákarnir fá sér að borða, skipulagði Jón hvað gera skyldi

Jón kom inn í herbergið, klæddur í Kraftgallann, gönguskóna og allt dressið með áttavitann og allt. Hann sagði strákunum að drífa sig í gallana, taka með sér áttavitana og drífa sig út. Þegar út var komið skipti Jón strákunum í tvo hópa, „Páll, Reynir og Jói, þið eruð saman og Stefán og Þröstur þið eruð saman“ sagði Jón, „Nú eigið þið að fara hér um svæðið og reyna að finna sprek og spýtur sem við getum notað í bálköst á morgun en í leiðinni skulið þið reyna að leggja ýmis kennileiti á minnið því á morgun förum við líklega í ratleik.“

Strákarnir lögðu af stað í þessum tveim hópum um fjallið og leituðu að sprekum

og ýmsu dóti til að setja í bálköstinn og komu þeir margar ferðir með fullar hendur af drasli til að láta í bálköstinn, báðir hóparnir og var þetta orðin hinn mesti bálköstur að lokum. Loks fannst þeim nóg komið en ákváðu þó að fara eina ferð til viðbótar.

Þegar þeir voru komnir þó nokkra leið frá skálanum sáu þeir hvar þrjú menn komu á móti þeim, og ákváðu þeir að labba á móti þeim. Sá þeir svo að þetta voru rjúpnaskyttur og spjölluðu þeir smástund við þá. Rjúpnaskytturnar voru frekar hissa á því hvað þeir væru að flækjast þarna uppi á fjallinu svona langt frá skálanum svo seint og sögðu þeir þeim með glettnissvip að drífa sig upp í skálann því bráðum færi að dimma og þá færu tröllin á kreik. Rjúpnaskytturnar gistu í skála um kílómetur frá skátaskálanum og voru þetta hinir bestu karlar. Strákarnir lögðu síðan af stað í átt til skálans. Þegar þeir komu upp í skálann voru Jón, Stefán og Þröstur byrjaðir að

elda matinn. Þeir snæddu allir og fóru svo að spila en ákváðu síðan að fara í háttinn. Jón sagði strákunum draugasöguna um seiðskrattann sem eitt sinn átti að hafa lifað þarna í fjöllunum reynt að vekja upp her djöfla sér til þjónustu en missti hann stjórn á öflunum og drógu djöflarnir hann niður til helvítis og fyrir myrkrahöfðingjann sjálfann sem breytti seiðkarlinum í hálfmennskt skrímli sem situr nú við hlið myrkrahöfðingjans í helvíti.

Eftir söguna áttu sumir strákarnir erfitt með að sofna en sofnuðu þó allir á endanum. Vöknudu þeir um nóttina við gífurlegar drunur sem komu úr fjallinu og mikil mannaöskur. Jón ákvað að drífa sig út til að athuga þetta og sagði við strákana að þeir skyldu bíða og að mögulegt væri að snjóflóð hefði fallið á skála rjúpnaskyttunnanna og kæmi hann og næði í þá ef hann þyrfti hjálp. Hann taldi þó líklegra að um fylleríslæti í rjúpnaskyttunum væri að ræða.

Strákarnir fóru bara að sofa aftur. Um hálf tíma síðar vöknudu þeir allir aftur við *helmingi hærri drunur* og að skálinn lék allur á reiðiskjálfi. Sá þeir þá hvar bjarmi kom inn um gluggann. Tróðust þeir þá allir út í glugga til að sjá hvað þetta væri og voru þeir flestir orðnir hálfsmeykir um að eitthvað óvenjulegt væri í gangi. Sá þeir þá að bálkösturinn stóð í ljósum logum og að tvær af rjúpnaskyttunum koma hlaupandi og skutu þær hvað eftir ann-

að á eitthvað. Sá strákarnir þá fljótt að á eftir þeim kom vera sem helst líktist manni og var hún vel yfir tveir metrar á hæð, klædd svörtum kuflum með stórri hettu og sást ekki í andlit hennar og virtist sem veran ekki labbaði heldur svifi. Var veran með einhvers konar skrímli með sér í bandi risastórt, líktist helst hundi í vexti þó með næstum mennskt andlit. Stórar vígtennur stóðu út úr kjaftinum á því, horn úr enninu og voru augun í því alveg hvít með engum augasteini. Hræðslan og skelfingin skein úr augum skyttunnanna um leið og veran sleppti dýrinu. Það stökk strax á aðra skyttuna og reif fótinn allan undan henni, blóðið spýttist úr sárinu og litadist snjóinn brátt allur rauður. Risti dýrið síðan mannin á hol með þeim gífurlegu klóm sem það hafði á annari hendinni, stökk það síðan á hina rjúpna skyttuna og bókstaflega beit hana í sundur.

Reynir, Þröstur og Jói gjörsamlega trylltust úr hræðslu en Páll stóð bara alveg stjarfur úti í glugga og horfði á fyrri rjúpnaskyttuna kveljast þarna *vítiskvölum sundur* limaður og með innyflin hangandi út úr maganum og snjóinn í kringum hana gjörsamlega litadan af blóði. Rankaði hann ekki við sér fyrr en hann heyrði öskrin í Jóa sem hafði reynt að flýja og hlaupið út og sá Páll þá að Þröstur og Reynir höfðu falið sig og sá hann þá hvar hleri var í gólfinu. Skreidd hann niður um hlerann og þar bar fyrir augu skriðkjall-

ari og beið hann þar fullur skelfingar. Brátt hættu öskrin í Jóa og grunaði Páll þá að dýrið hefði drepit hann. Stuttu síðar heyrði Páll að gengið var inn í skálann og sá hann hvar gólfjalirnar svignuðu er þar var gengið um. Stuttu síðar heyrði hann öskrin í Reyni og svo í Presti. Blóðið lak í gegnum gólfjalirnar og beint á andlit Páls. Páll var gripinn ofsahræðslu og átti erfitt með að halda niðri í sér grátinum. Allt í einu var gólfhlerinn rifinn upp og fyrir ofan Pál stóð veran. Páll gjörsamlega fraus og tók veran þá af sér hettuna og horfði Páll beint í augu hennar.

Prem dögum síðar fannst Páll á ráfi meðfram þjóðvegnum og var hann fluttur heim til sín. Hann mælti ekki eitt orð eftir að hann fannst og var hann lengi grunaður um að hafa staðið að morðunum og var hann lagður inn á Klepp. Sjö vikum eftir að hann var lagður inn á Klepp fannst hann hengdur í klefa sínum með merki djöfulsins brennt í bak hans og voru bæði augu hans brostin og litlaus.

P
Ú
L
S
-
N
N
14

PRENTVERK

frá A til Ö

PRENTVERK AKRANESS hf.
Heiðargötu 22 - 300 Akranes - Sími 431 1127 - Fax 431 1804

P
Ú
L
S
-
N
N
15


Spurning blaðsins:

Ertu absúrd?


Blaðamenn Púlsins ákváðu að kanna orðaforða Grundskælinga og spurðu nokkra þeirra hvort að þeir teldu sig vera „absúrd“. Hér á eftir fara svör þeirra.




Guðmundur Óttar Sigurjónsson 10-LJ: Nei, því að ég veit ekki hvað það er.



Heiðar Mar Björnsson 10-FE: Nei af því að ég er hálfviti.



Lára Ingólfsdóttir 8-RÁ: Nei, því að ég er svo falleg.



Guðríður gangavörður: Nei því að ég er svo flott.



Karen Rut Karlsdóttir 9-RE: Nei, ég er ekki eins og Fríða Bjarna.

Hvaða lag var vinsælast í Grundaskóla í febrúar 1998?

Forvitni okkar blaðamanna Púlsins er við brugðið og langaði okkur að vita hvaða lag nemendum þætti skemmtilegast í augnablikinu. Hér á eftir fara niðurstöðurnar og má sjá að tónlistarsmekkurinn er nokkuð breiður því í 5 efstu sætum eru lög alls ólíkra stíltegunda.

Í fyrsta sæti var titillag kvikmyndarinnar Titanic, flutt af Celine Dion.

Jöfn í öðru til þriðja sæti voru lögin Shimmy shimmy ya (Wu-Tang) og Prumpufólkið með Dr Gunna of félögum

Fjórða og fimmtasætið með jafnmörg stig vermdu svo lögin Torn (við munum ekki flytjandann) og No woman no cry (Bob Marley)

Hátónsbarkakeppnin

Hinn árlega Hátónsbarkakeppni var haldin á jólaballi grunnskólanna þann 18. desember síðast liðinn.

Eins og venjulega komust 6 keppendur í úrslit en það voru þau Sveinbjörn Hafsteinsson, Heiður Sævarsdóttir, Hróðmar Halldórsson og Elsa Jóhannsdóttir úr Grundaskóla. Fyrir hönd Brekkubæjarskóla kepptu Erla Gísladóttir og Sýlvía Hlynadóttir. Öll stóðu þau sig frábærlega vel og var dómnefnd mikill vandí á höndum að útnefna sigurvegara kvöldsins. Á miðnætti voru svo úrslitin tilkynnt og það var Hróðmar Halldórsson

sem sigraði keppnina með laginu - Það er ekkert sem breytir því - og hefði Stefán Hilmarsson getað verið stoltur af þeim flutningi sem Hróðmar bauð upp á.

Blaðamenn Púlsins ákváðu að taka sigurvegarann tali til að fræðast nánar um persónuna. Hróðmar, sem er í 9. bekk er fæddur þann 27. september 1983, tók einnig þátt í keppninni í fyrra. Við spurðum hann hvers vegna hann hefði tekið þátt í keppninni. Sagði hann að Ólöf Inga hefði dregið sig með sér í fyrra en í ár fór hann af sjálfdáðum. Hann sagði að úrslitin hefðu komið sér á óvart en hann vill



undirstrika að þessi keppni sé fyrst og fremst til gamans og aukaatriði hver sigrar. Honum fannst mjög gaman að taka þátt og hvetur alla sem áhuga hafa til að vera með.

Við spurðum hann einnig hvort hann hefði mikið lagt fyrir sig söng og hann sagðist þá hafa sungið nokkrum sinnum í fjölskylduveislum.

Við óskum Hróðmari hjartanlega til hamingju með sigurinn


Bygginga-
vörur á
BREIÐUM
grunni



AKUR - byggingavörur
Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími 431 2666 • Fax 431 2750



Vesturgata 52
Akranesi
Sími **431 1200**



Bubbi Morthens

Hver er uppáhalds matur og drykkur Bubba?

Suður amerískur kjúkl-ingaréttur sem konan mín gerir og vatn.

Hver er besta platan þín?:

Mín! hef ekki hugmynd um það.

Áttu einhverja uppáhalds erlenda hljómsveit?

Ég á einstaklinga sem ég held upp á. Nick Cave, Tom Waits, Bob Dylan og það er gaman að Oasis.

Áttu eitthvað uppáhalds lag?

Ég er orðin svo gamall að ég get ekki pikkað eitt út.

Hvað er besta lag sem þú hefur samið?

Ég get ekki svarað þessu.

Hvaða íslensk hljómsveit í dag finnst þér skara fram úr?

Botnleðja.

Hver er uppáhaldsboxari?

Roy Jones J.R.

Hver er besti bardagi sem þú hefur orðið vitni að?

Michael Carbaha á móti Chiquita Gonsales 1994.

Hver er uppáhalds tónlistarstefna þín?

Rapp.

Hvernig skilgreinir þú tónlist þína?

Ég skilgreini tónlist mína sem popp, sem byggir á þjóðlagahéð.

Hvernig semur þú tónlist þína?

Ég sem hana.

Áttu eitthvert uppáhalds sjónvarpsefni?

Ég horfi mikið á Discovery og hef gaman af X-files.

En er einhver uppáhalds sjónvarpsstöð?

Allar, ég hef svo mikið af þeim.

Hver útvarpsstöðvanna líkar þér best?

Gamla gufan.

Tekur þú aðra tónlistarmenn þér til fyrirmyndar?

Ekki lengur. En einu sinni. Sem unglingur, Doors, Jim Morrison, Deep Purple, Led Zeppelin og þegar ég fór að vinna sjálfur í tólist þá var það pönk.

Hvernig fannst þér að hita upp fyrir Bob Dylan

Það var gaman ég meina þetta er maður sem breytti poppsögunni það er ekki á hverjum degi sem maður hittir átrúnaðargóðið sitt.

Eigum við eftir að sjá fleiri plötur með þér líta dagsins ljós í framtíðinni?

Helling alveg helling.

Hver er besta hljómsveit sem þú hefur verið í?

Utangarðsmenn.

Hvert er neyðarlegasta atvik sem þú hefur lent í á þínum ferli sem tónlistamaður?

Að gera samning við Steinar Berg.

Vandamálhorn Púlsins

Kæri Sáli!

Ég er venjulegur strákur á 15. ári og hef mín áhugamál, langanir og þrár sem ég get ekki sinnt sökum óeðlilegar stærðar á getnaðarlim mínum. Fyrir ári var ég valinn efnilegast leikmaður 3. flokks í fótbolta en núna get ég varla hlaupið og þurfti því að leggja skóna á hilluna. Þetta byrjaði allt fyrir rúmu ári þegar litli kallinn byrjaði að stækka upp úr öllu valdi og reyndar eru það öfugmæli að kalla hann litla kallinn því að ég get t.d ekki rennt upp rennilásnum á gömlu gallabuxunum mínum lengur. Þegar ég sé fallega stelpu og mér rís hold fæ ég östöðvandi svima og stundum líður yfir mig. Ég er því, eins og auðvelt er að ímynda sér, ennþá hreinn sveinn og í guðanna bænum, ég get ekki einu sinni stundað sjálfsfröun að neinu gagni. Eitt erfiðasta vandamálið er þegar ég

fer á klósettið til að gera þarfir mínar. Þá hangir þessi öfgastóri líkamspartur niður í óþverrann og má ég hafa mig allan við að forða honum undan þegar ég sturta niður. Ég hef leitað til læknis en hann sagði að það væri ekkert að og hann sagðist reyndar öfunda mig. Hann veit greinileg ekki hvernig mér líður. Þetta er hreint helviti á jörðu. Mér líður mjög illa yfir þessu og er því kominn út í óhóflega neyslu áfengis til að reyna að drekkja sorgum mínum. Ég er á barmi taugaáfalls! Hvað get ég gert? HJÁLP

Trölllið

Kæra Tröll.

Áfengi leysir engan vanda. Hefurðu hugleitt að fara út í eitthvað sterkara t.d. fá þér í nokkra Skalla og þá mun veröldin brosa við þér á ný.

Færist þá bros á vör

Felix var að farast úr löngun til konu sinnar þegar hann fór í rúmið. Hann teygði sig yfir til hennar, en hún sagði: „Ekki í kvöld Felix. Ég er að fara í kjallaraskoðun á morgun og læknirinn sagði mér að láta „það“ ógert 24 tímum fyrir skoðunina.“ Felix stundi eitthvað og hugðist fara að sofa þegar stórt bros kom á hann, og hann spurði eiginkonuna lævislega: „Segðu mér þarftu nokkuð að fara til tannlæknis á morgun?“



Kæri Sáli

Ég er 16 ára gömul stelpa með mjög feitt vandamál. Já ég er allt of feit. Þyngd mín er ómælanleg því að þegar ég stend á vigtinni sýnir skjárinn „...to be continued“. Stundum þegar ég fer út í finu gulu regnkápunni minni er að alltaf verið að biðja mig um að stoppa og ég spurð hvort ég sé á leiðinni niður á Hlemm. Hvað á ég að gera? Ég hef reynt allt, prógrammið hjá Gaua litla, Nupo létt, helstu megrunarkúra og þolfimi hjá Magga Sche en ekkert af þessu virkar. Hvað ráðleggur þú mér?


„Frk. Strætó“

Kæra Frk. Strætó

Vandamál þitt er greinilega af þeirri stærðargráðu að það er óleysanlegt því ráðlegg ég þér að flytja eitthvað í burtu áður en þú færir landið okkar í kaf.

Gáfumanna- og listasíðan

Kolbrún Ýr



Draumar

Ég er feimin
eins og litil padda
sem skriður meðfram veggnum
þori ekki neinu

Ég er hrædd
hrædd við allt.

Ég get ekki talað
sérstaklega við þig
þú ert ástin mín
en aðeins í mínum draumum.

Bangsimon og Grislingur

Halla

Kolbrún Ýr Kristjánsdóttir er nemandi í 9. RE í Grundaskóla.

Síðustu ár hefur hún sett hvert metið á fætur öðru í sundi og hefur oft sinnis keppt fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi. Blaðamenn Púlsins voru forvitnir sem fyrr og króðu þessa fræknu sundstelpu af á ganginum og lögðu fyrir hana nokkrar spurningar

1. Hvenær byrjaðir þú að æfa sund?

Þegar ég var 7 ára.

2. Hvað vakti áhuga þinn á sundi?

Mér fannst gaman í sundi þegar ég var lítil.

3. Til hvaða landa hefur þú farið til að keppa?

Til Lúxemborgar, Portúgal, Svíþjóðar og Noregs.

4. Hversu oft hefur þú sett Íslandsmet og í hvaða greinum?

Svona u.þ.b. 10 sinnum og í öllum greinum nema bringusundi.

5. Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að bæta mig.


6. Hversu lengi ætlar þú að halda áfram að æfa sund?

Þangað til ég hætti

7. Hversu oft á viku æfir þú sund?

7-8 sinnum.

8. Æfir þú einhverjar aðrar íþróttir?



Nei.

9. Hvernig gengur þér með námið í skólanum?

Mjög vel.

10. Hver eru þín helstu áhugamál?

Bara sund.

11. Eitthvað að lokum?

Ég hvet alla til að byrja að æfa sund því það er svo skemmtilegt.

Full búð
af
gjafavöru

MODEL

STILLHOLTÍ 18 - SÍMI 431 3333

**Hárhús
Kötlú**


Stilholti 14 -
Sími 431-3320



Þeir eru
flottastir sem
koma úr
klippingu frá
HÁRHÚSI KÖTLU

**HÁRHÚS
KÖTLU**

ekker annað ...



Viðtal við Tvíhöfða

Þann 22. nóvember síðast liðinn brugðu blaðamenn Púlsins sér til Reykjarvíkur. Erindið var að spyrja hina mögnuðu Tvíhöfða, spjörunum úr. Þeir Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr voru einmitt að ljúka við útvarpsþátt sinn á X-inu, þannig að við mæltum okkur mót við þá félagar á útvarpsstöðinni.

Nú þegar síðasti Fóstbræðraþátturinn er í kvöld (22 nóvember) hvað er næst á dagskrá hjá ykkur?

Sigurjón: Við erum að taka upp nýja seríu sem verður einhvern tímamann sýnd á næsta ári.

Jón Gnarr: En Fóstbræður verða væntanlega endursýndir eftir áramótin þannig að það er bara Fóstbræður Fóstbræður.

Sigurjón: Já Fóstbræður Fóstbræður, Fóstbræður.

Þið hafið gert tvö lö ásamt þekktum íslenskum hljómsveitum, Útlenska lagið með Quarashi og Franskur Koss með Súrefni Munið þið starfa aftur með þessum hljómsveitum eða öðrum í framtíðinni?

Sigurjón: Það er aldrei að vita.

Jón Gnarr: Já við eigum eftir að starfa mikið með hljómsveitum og gera mikið fleiri lög. Við erum

með miklu flottari lög sem við höfum ekki tíma til að útsetja. Sem verða sko, já þá erum við að tala um mjög vinsæl lög.

Eruð þið að fara að gefa út disk?

Sigurjón: Já við eru að fara að gefa út disk núna sem kemur út fyrstu vikuna í desember sem heitir Tvíhöfði í djörfum dansi.

Verða Franskur Koss og Útlenska lagið á honum?

Sigurjón: Franskur Koss og Útlenska lagið verða á honum. Fyrst og fremst verða á disknum Tvíhleypur og svo litlu lögin okkar svona kassagítarlög.

Voruð þið aðalgrínistarnir í skólanum ykkar?

Sigurjón: Nei það voru margir miklu fremri en við.

Jón Gnarr: Ég var nörd í mínum skóla.

Sigurjón: Þeir sem voru aðalgrínistarnir í skólanum mínum allavega þeir eru ekkert. Þeir eru bara leigubílstjórar í dag.

Jón Gnarr: Ég var nörd rauðhærður með gleraugu og í skáklúbbnum. *Sigurjón:* Það var ekki mikið grín þar.

Jón Gnarr: Neiii meira grenjað laminn í frímínútum og svona.

Jón Gnarr: Af hverju hættirðu svona skyndilega í Íslandi í dag á fóstudögum?

Jón Gnarr: Það var nú bara vegna þess að það er svoldið slæmt þegar menn er að vinna á mörgum deildum hjá sama fyrirtækinu. Það er bara þannig, að vinna á frét-tadeildinni og dagskrárdeildinni þá mislíkar fólk þið.

Til hvaða aldurs höfðar tónlistin sem þið spilið í Tvíhöfðaþáttunum?

Jón Gnarr: Ég mundi segja 11-36 ára er það ekki nokkuð nærri lagi?

Hvenig viðbrögð hafið þið fengið við Tvíhöfðaþáttunum?

Sigurjón: Það er mjög misjafnt ég finn að það eru minni viðbrögð við þessum helgarþáttum okkar því það vita færri af þeim heldur en í sumar.

En hvað með Fóstbræðraþættina?

Sigurjón: Við Fóstbræðraþáttunum fáum við mjög sterk og góð viðbrögð. Það eru allir mjög ánægðir með þá nema kannski einstaka eldri borgarar. Pabbi Jóns t,d er mjög óánægður með þættina.

Jón Gnarr: Mjög leiðinlegir þessir Fóstbræður alveg sérstaklega leiðinlgir þættir.

Sigurjón: Yfirleitt er það unga fólk þið sem hefur mjög gaman af Fóstbræðrum.

Jón Gnarr: Enda þarf maður að vera eitthvað klikkaður til að hafa ekki gaman af þeim.

Hvenær byrjuðuð þið að starfa sem grínistar? Höfðuð þið ekkert starfað áður?

Sigurjón: Það eru svona 2 ár síðan. Allavega ekki svona full-time.

Jón Gnarr: Við vorum bara svona, sprelluðum svona, komum í parti og afmæli og svona.

Uppáhalds hljómsveit?

Jón Gnarr: ELO

Sigurjón: Ramstein.

Jón Gnarr: Já Ramstein Já.

Starfið þið ekki sem stand-up grínistar?

Sigurjón: Nei við höfum alveg látið það vera sem sagt upp á síðkastið.

Takið þið einverja aðra grínista til fyrirmyndar?

Sigurjón: Við höfum gaman af öðrum grínistum en við tökum þá ekki endilega til fyrirmyndar.

Sigurjón mun Ham snúa aftur?

Sigurjón: NEIII.

Hvað finnst ykkur um aðra grínista og grínhópa eins og Rádíusbræður og Spaugstofuna?

Sigurjón: Nú er nú voda lítið eftir af Rádíusbræðrum einhvern veginn. Það hefur lítið borið á þeim undanfarið þeir eiga sína spretti. Bæði Rádíusbræður og Spaugstofan eiga sína spretti.

Jón Gnarr: Þeir hafa náttúrulega lagt göturnar sem við erum að ganga. Við berum fulla virðingu fyrir þeim þótt þeir séu kannski hættir að vera fyndnir í dag þá var margt sniðugt sem þeir gerðu hérna einu sinni.

Hvað finnst ykkur um þáttinn Stöðvarvík?

Sigurjón: Ég hef voðalega lítið horft á þá.

Jón Gnarr: Ég hef ekki séð einasta þátt.

Sigurjón: Það sem ég hef séð af þeim finnst mér ekkert sérstakt.

Hvernig finnst ykkur þátturinn King Kóng sem var á dagskrá Bylgjunnar í sumar?

Sigurjón: Alveg hræðilegur þáttur alveg hryllilegur þáttur. Þar rísa þeir lægst þeir félagar Hafnarfjarðarbræður.

Jón Gnarr: Þeir eru með blöðin fyrir framan sig og tala bara upp úr þeim. *Sigurjón:* Já bara eitthvað þvaður, þeir eru leiðinleigir.

Stundið þið Tvíhöfðar einhverjar íþróttir?

Jón Gnarr: Ég stunda júdo og er með appesinugula beltið í júdo. Þakka þér fyrir já.

Sigurjón: Ég stunda já hérna sund.

Jón Gnarr: Hann syndir 20 metrana tvisvar í viku.

Hvað finnst ykkur um vinsæla bandaríska gamanþætti eins og t.d. Seinfeld og Vini?

Sigurjón: Fínir þættir.

Jón Gnarr: Mér finnst Seinfeld mjög góðir Vinir finnst mér ekkert sérstakir þættir það sem ég hef séð af þeim. *Sigurjón:* Það er svona



eitt og eitt sem má hafa gaman af.

Jón Gnarr: En Derrick er líka mjög góðir þættir. DERRIK já.

Sigurjón: Já þeir eru mjög fyndnir.

Hver er uppáhalds erlendi gamanleikarinn ykkar?

Sigurjón: Þeir eru svo margir maður ég get varla gert upp á milli þeirra.

Jón Gnarr: Adam Sandler er í mjög miklu uppáhaldi hjá mér þessa dagana. Hann er mjög fyndinn.

Sigurjón: John Candy var alltaf fyndinn meðan hann lifði.

Jón Gnarr: Já mjög mjög góður.

Hvað er uppáhalds gamanmyndin ykkar?

Sigurjón: Mér finnst hún alltaf góð Billy Madison af þessum nýju.

Jón Gnarr: Já Adam Sandler. Planes trains and automobiles er mynd sem ég get horft á aftur og aftur. *Sigurjón:* Já hún er sannarlega klassísk.

Jón Gnarr: Og svo Naked Gun myndirnar allar snilldarverk. Airplane er snilldarverk.

Hafið þið einhver ráð handa ungu fólk sem langar að verða grínistar?

Jón Gnarr: Já bara að vera fyndið ætli það sé ekki heilbrigðast.

Hafið þið einhvern tímann lent

í vandræðalegri uppákomu á skemmtunum?

Sigurjón: Já það var nú eiginlega þess vegna sem við hættum að skemmta. Of margar vandræðalegar uppákomur.

Jón Gnarr: Fólk hefur verið með ýmis frammiköll og svoleiðis.

Verður eitthvað sérstakt atriði í síðasta Fóstbræðraþættinu í kvöld (22. nóvember)?

Sigurjón: Já hið fræga heimilisofbeldisatriði verður í kvöld.

Getið þið komið með einhvern brandara að lokum fyrir lesendur Púlsins?

Sigurjón: Ég kann enga brandara ég man aldrei neina brandara.

Jón Gnarr: Ég kann ekki brandara. Ég man ekki brandara það er svo furdulegt sko og yfirleitt hlæ ég ekki að bröndurum. Eini brandari sem ég man er helst bara Nærboxur. Það var maður sem hét boxur nei það var maður sem hét Jón sem átti vin sem hét boxur. Svo lenti boxur í bílslysi og þá sagði Jón þér var nær boxur.

Sigurjón: Það var nú brandarinn okkar.

— — —

Með þessum frábæra brandara Jóns Gnarr ákváðum við Púlsmenn að tími væri til kominn að setja endapunktinn og þökkum við þeim Tvíhöfðum fyrir frábært spjall og greið svör.



Jólaball grunnskólanna

Einn af stærstu þáttunum í félagslífi grunnskólanna er jólaballið sem árlega er haldið með pomp og prakt. Eru nemendur nokkuð fastheldnir á dag-skrárliði þar sem ganga má að vísu að Hátónsbarkakeppnin fer fram. Úrslit milli Brekkubæjar- og Grundaskóla í spurningakeppni og hið margrómaða kennarskemmtiatriði.

Að þessu sinni sigruðu nemendur í Grundaskóla spurningakeppnina og kvenkennarar söngluðu sig í gegnum hið víðfræga Prumpulag við góðar undirtektir. Hátónsbarkakeppninni eru hins vegar gerð skil annars staðar í þessu blaði. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum, mættu nemendur í sínu finasta þússi og skemmtu sér konunglega við undirleik hinna þrúðu pílta í hljómsveitinni Gos.

